



Reykjavík, 7. maí 2025

SFS25040087

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða innritunar í Klettaskóla og einhverfudeildir vegna komandi skólaárs 2025 – 2026

Klettaskóli

Fjöldi umsækjenda í ár í Klettaskóla vegna skólaársins 2025 – 2026 eru 53. Nemendur sem uppfylla skilyrði reglna um innritun í skólann eru 41 sem er langt umfram það sem hægt er að verða við. Skólinn er gerður fyrir 80-90 nemendur en fjöldi nemenda á þessu skólaári er 146. 17 nemendur munu útskrifast í vor úr Klettaskóla.

Umsóknir vegna skólaársins 2025 – 2026 hafa verið metnar með tilliti til [reglna um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla](#):

Ráðgert er að bjóða 14 nemendum skólavist í Klettaskóla.

Foreldrar 15 nemenda sem talið er að uppfylli skilyrði um innritun í Klettaskóla samkvæmt reglum um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla hafa fengið bréf um ráðgerða synjun umsóknar. 13 af þessum nemendum eru með lögheimili utan Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að bjóða allt að átta nemendum (nú þegar er búið að bjóða sex nemendum skólavist í Húsaskóla) með lögheimili í Reykjavík, sem ráðgert er að synja í Klettaskóla, fái boð um nám, kennslu og frístundastarf í Húsaskóla og frístundaheimilinu Kastala.

Gert er ráð fyrir þétu samstarfi og ráðgjöf til Húsaskóla og Kastala frá Klettaskóla og Guluhlíð varðandi kennslu og þjálfun og frístundastarf ásamt því að börnin njóti faglegrar þjónustu í almennum skóla- og frístundastarfi Húsaskóla. Nám og kennsla fyrir þessa nemendur í Húsaskóla verður aðlöguð að stuðningsþörfum þeirra.

Þrír nemendur hafa fengið boð í sérdeild, einn nemandi verður áfram í leikskóla og tveir hafa fengið boð í Arnarskóla.

Fjöldi nemenda með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðgert er að synja í Klettaskóla eru 13 nemendur. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur með starfsmanni sviðsins fundað með sviðsstjórum fræðslumála nágrannasveitarfélaga og brýnt fyrir þeim að leita lausna líkt og Reykjavík hyggst gera með lausn fyrir reykvíska nemendur.



Reykjavík



Einhverfudeildir

Staða innritunar í einhverfudeildir eru í vinnslu hjá fagráði. 47 umsóknir bárust, þar af 45 sem uppfylla skilyrði reglna um innritun og útskrift í einhverfudeildir. Laus pláss eru 17. Af þess leiðir að ráðgert er að synja 28 umsóknum vegna plássleysis þrátt fyrir að uppfyllt séu skilyrði reglna um innritun í sérdeild.

Þörf á nýjum sérskóla

Farin er af stað greining á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsæðinu um uppbyggingu sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. Greiningunni á að vera lokið í á haustmánuðum. Afar mikilvægt er að undirbúningur að stofnun nýs sérskóla á höfuðborgarsvæðinu fari af stað sem fyrst því ljóst er að fjölgun barna sem uppfylla skilyrði að sækja sérskóla er mikil og mun aukast á næstu áratugum.

Kostnaður

Vegna nemenda sem ráðgert er að fari í Húsaskóla verður óskað eftir viðauka við fjárheimildir sviðsins að fjárhæð 77,1 m.kr. (grunnskólahlutinn 43,3 m.kr.) og (frístundahlutinn 27,8 m.kr.) vegna seinni hluta rekstrarársins 2025 og 171 m.kr. (grunnskólahlutinn 104 m.kr.) og (frístundahlutinn 67 m.kr.) vegna rekstrarársins 2026.

